

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 2039/2000**2003/EES/57/29****frá 28. september 2000****um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2037/2000 um efni sem eyða ósonlaginu að því er varðar grunnár vegna úthlutunar á kvóta fyrir vetnisklórflúrcolefni (*)**

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 175. gr.,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽¹⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2037/2000 frá 29. júní 2000 um efni sem eyða ósonlaginu ⁽³⁾ er árið 1996 notað sem grunnár við úthlutun á kvóta fyrir vetnisklórflúrcolefni. Frá 1996 hefur vetnisklórflúrcolefnamarkaðurinn breyst verulega að því er varðar innflytjendur og ef notast yrði áfram við árið 1996 yrðu fjölmargir innflytjendur af innflutningskvóta sínum. Meginreglan er sú að kvótar

skulu byggjast á nýjustu tölum sem liggja fyrir og gefa sem besta mynd, í þessu tilviki frá 1999, og því gæti talist gerræðislegt að miða við 1996 og jafnvel leitt til brots á meginreglunni um bann við mismunun og réttmætum væntingum.

- 2) Breyta ber reglugerð (EB) nr. 2037/2000 til samræmis við þetta.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í h-lið i-liðar 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2037/2000 skal orðalagið „en það hundraðshlutfall sem hann fékk úthlutað 1999“ koma í stað „en hundraðshlutfall markaðshlutdeildar hans árið 1996“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. september 2000.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

N. FONTAINE

*forseti.**Fyrir hönd ráðsins,*

P. MOSCOVICI

forseti.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 244, 29.9.2000, bls. 26, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2002 frá 27. september 2002 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 61, 12.12.2002, bls. 28.

⁽¹⁾ Álit var skilað 20. september 2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

⁽²⁾ Álit Evrópuþingsins frá 21. september 2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB) og ákvörðun ráðsins frá 28. september 2000.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 244, 29. 9. 2000, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 2038/2000 (Stjtið. EB L 244, 29.9. 2000, bls. 25).